

RELAXATION CENTRE

NUDD OG SNYRTING

20 ÁRA REYNSLA

Þjónusta þína fasteign þar til hún selst og aðstoða við kaup á nýrri fasteign



Ég vil vinna fyrir þig.



Hannes

Löggiltur fasteignasali

699 5008

hannes@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA

KÓPAVOGS

- P Ó S T U R I N N -

06. tbl. 31. árg. Fimmtudagur 6. mars 2025. Kópavogspóstinum er dreift ókeypis inn á heimili í Kópavogi FRÉTTABLAÐ KÓPAVOGSBÚA FRÁ 1994 BÆJARBLAÐIÐ ÞITT! VEFSÍÐA: WWW.KGP.IS

KOMINNTÍMIA SKOÐUN?

Verið velkomin með bílinn í skoðun á Dalveg 22

Frumherji

Lyfjaval

HEILSA & HÁMINGJA

Bílaapótek Lyfjaval
HæðasmáraFASTEIGNASALAN
TORGKRAFTUR
TRAUST
ÁRANGURDarri Örn
löggiltur fasteignasali
Sími 767-0000

errea

Bæjarlind 14-16
www.errea.is

MEKÓ

MENNING
Í KÓPAVOGIMetfjöldi gesta á
Bókasafni Kópavogs

Alls voru haldnir 363 viðburðir á bókasafninu í fyrra með 15.279 gestum

Árið 2024 var sögulegt fyrir Bókasafn Kópavogs með alls 203.468 gesti, sem er metfjöldi í aðsókn. Þá var meðal annars tekið í notkun fyrsta bókaþox Íslands í Vallakór, sem hefur aukið aðgengi að bókum. Útlán jukust einnig, en samtals voru tæplega 147.000 gögn lánuð á árinu.

Bókasafnið er meira en bókasafn; það er menningar- og samfélagsmiðstöð. Á árinu voru

haldnir 363 viðburðir með 15.279 gestum, sem er 43% aukning frá fyrra ári. Fritt er á alla viðburði, sem stuðlar að inngildingu og aðgengi fyrir alla. „Safnið er lífandi samkomustaður þar sem fólk sækir sér menningu, fræðslu og afþreyingu. Þessi mikli fjöldi gesta sýnir hversu mikilvægt bókasafnið er fyrir bæjarbúa, og starfsfólkið er þakklátt fyrir samfélagið sem hefur skapast í kringum það,” segir Lisa Z. Valdimarsdóttir forstöðumaður bókasafnsins. (Frh. á bls. 2).

LÆGSTA
VERÐIÐ
Í KÓPAVOGI
ER Á DALVEGIHAFID
FISKVERSLUN

- Gæðin skipta máli -

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi



Nettó Engihjalla

Opið alla daga 8-24



nettó

30%
AFSLÁTTUR
MEÐ VILDARKORTI
LINDARVILDARKORT
LIND
FASTEIGNASALA

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:

LIND
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálningu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Laun kennara í Kópavogi hækka um 1,1 milljarð króna á milli árána 2024 og 2025 vegna nýrra kjarasamninga

Samkvæmt nýjum kjarasamningi við kennara munu launahækkningar sem samið var um í síðustu viku hafa töluverð áhrif á fjárhag sveitarfélaga og jafnvel kalla á bæði hagræðingar og mögulegar gjaldskrárhækkningar í sveitarfélögum.

Eins og fram hefur komið í umræðunni eru sveitarfélögin misvel stödd til að takast á

við þessar riflegu launahækkningar og því spurning hvaða áhrif samningarnir hafa á rekstur sveitarfélaga sem eynamerktu flest hver ákveðna upphæð í fjárhagsáætlun fyrir árið 2025, en sjálfsagt ekki líkingu við þá launahækkun sem samið var um. Þá hafa margir einnig áhyggjur af því hvaða áhrif samningarnir gætu haft á verðbólgu og vexti vegna hugsanlegra launaskrafna annarra stétta í þjóðfélaginu í kjölfarið.

Kópavogspósturinn heyrði í Ásdís Kristjánsdóttur bæjarstjóra í Kópavogi og spurði hann nánar um þessi mál.

Mjög kostnaðarsamir samningar
Hvernig list henni á að samkomulag hafi náðst við kennara um launahækkningar og að verkföllum hafi verið afstýrt? „Við fögnum því að samkomulag er í höfn enda ljóst að ótímabundin verkföll í öllum leikskólum Kópavogs hefðu haft víðtæk og mikil áhrif á börnin okkar og samfélagið allt. Ljóst er hins vegar að þetta eru mjög kostnaðarsamir samningar. Fjárhagsstaða allra sveitarfélaga er þröng og til að mæta þessum kostnaði þurfa sveitarfélög að grípa til aðgerða,” segir Ásdís.

Hækkunin um 420 m.kr umfram það sem áætlað var í fjárhagsáætlun fyrir árið 2025
Hversu margir kennarar í Kópavogi falla undir þessa nýju samninga, hver er kostnaðurinn fyrir bæinn vegna þeirra og var Kópavogur búinn að eymamerkja ákveðna upphæð í fjárhagsáætlun ársins 2025 vegna nýrra kjarasamninga við kennara? „Hjá Kópavogsbæ eru þetta um 800 kennarar í 700 stöðugildum. Við gerum ráð fyrir að þessi samningur muni leiða til þess að laun hækki um 1,1 ma. kr á milli árána 2024 og 2025, sem er um 420 m.kr umfram það sem áætlað var á árinu 2025,” segir hún.

Hvernig ætla Kópavogur að fjármagna þessa launahækkun - verður hagrætt í rekstri og þurfa íbúar að búa sig undir gjaldskrárhækkningar? „Ljóst er að Kópa-

vogsbær og sveitarfélög öll þurfa að mæta þessum hækkunum með einhverjum hætti, hvort sem er með hagræðingu í rekstri og/eða hækkun gjaldskráa. Ég mun eiga samtöl við bæjarráð og stjórnendum bæjarins þegar við höfum kortlagt stöðuna og koma með tillögum til hvaða aðgerða við getum gripið til.”

Stefna meirihlutans er skýr, við munum ekki hækka skatta á bæjarbúa

Og ef það verða gjaldskrárhækkningar hvar munu þær þá helst koma fram, ekki getið þið hækkað útsvarið sem er 14,93%? „Stefna meirihlutans er skýr, við munum ekki hækka skatta á bæjarbúa. Í forgangi hjá okkur hefur verið að skapa rými í rekstri til að lækka skatta á íbúa og það höfum við gert öll árin á þessu kjörtímabili. Okkar áherslur hafa ekki breyst hvað þetta varðar. Gjaldskrár Kópavogsbæjar fylgja raunkostnaði, þannig að launahækkningar sem þessar munu á endanum skila sér til hækkunar á gjaldskrár amk að einhverju marki. Ljóst er þó að það þarf að hagræða í rekstri til að draga úr kostnaði. Verkefnið fram undan er að finna leiðir til þess,” segir Ásdís.

Hættan sú að hið klassíska íslenska höfrungahlaup raungerist
Hvaða áhrif heldur þú að þessir samningar muni hafa á verðbólgu og þar með vaxtastig - nú munu sjálfsagt aðrar stéttir miða við þessa launahækkun kennara er þeir ganga næst að samningsborðinu? „Sveitarfélög voru reiðbúin að fara þessa virðismatsleið til að mæta kröfum kennara um að meta laun og rétt-



Ásdís segir fjárhagsstöðu bæjarins sterka, en svona miklum hækkunum sé ekki hægt að mæta án aðgerða

indi kennara til samanburðar við önnur sambærileg störf á almennum markaði. Ef ekki ríkir sátt í samfélaginu hins vegar um að hækka sérstaklega laun kennara umfram aðrar stéttir þá er hættan sú að hið klassíska íslenska höfrungahlaup raungerist, þar sem aðrar stéttir reyna að sækja svipaðar hækkningar. Þá tapa allir og afleiðingin er aukin verðbólga og hækkandi vextir,” segir hún.

Mun kortleggja stöðuna og eiga samtöl við bæjarráð
Er Kópavogur í nægilega sterkri stöðu til að mæta þessum aukna launakostnaði kennara? „Fjárhagsstaða Kópavogsbæjar er sterk, en svona miklar hækkningar er ekki hægt að mæta án aðgerða, það blasir við. Ég mun því kortleggja stöðuna núna og eiga samtöl við bæjarráð um hvernig við mætum þessum kostnaði,” segir Ásdís að lokum.

189 kr.
Súrdeigs pítsukúla 220g

Prís

AS WE GROW
HITATEMPRANDI ALPACAUULL

KLAPPARSTÍG 29 | ASWEGROW.IS

Það var orðið tímabært að endurskoða stjórnarsýslu bæjarins í takt við breyttar þarfir

- segir Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri um breytingar á stjórnkerfi og skipuriti Kópavogsbæjar sem samþykktar voru í bæjarstjórn Kópavogs í síðustu viku

Bætt þjónusta við íbúa, aukin skilvirkni og skýrari hlutverk og ábyrgð stjórnarsýslunnar eru meginmarkmið breytinga á stjórnkerfi og skipuriti Kópavogsbæjar sem samþykktar voru í bæjarstjórn Kópavogs á fundi í síðustu viku.

Í breytingunum felst að stjórnarsýsluvið og fjármálasvið bæjarins eru lögð niður og í stað þeirra verða til fjórar skrifstofur um verkefni sviðanna: Skrifstofa umbóta og þróunar, skrifstofa þjónustu, skrifstofa mannaúts og kjaramála og skrifstofa áhættu- og fjárstýringar. Bæjarritari verður í skipuriti næstráðandi bæjarstjóra og verður yfirmaður lögfræðisþjónustu, skjalþjónustu og þjónustu við bæjarstjóra og fastanefndir. Skrifstofustjórar heyra beint undir bæjarstjóra eins og sviðsstjórar fagsviða.

Skýra og skerpa hlutverk miðlægrar stjórnarsýslu
„Kópavogsbær er stækkandi sveitarfélag og það var orðið tímabært að endurskoða stjórnarsýslu bæjarins í takt við breyttar þarfir. Meginmarkmið breytinganna er að skýra og skerpa hlutverk miðlægrar stjórnarsýslu. Við ætlum að efla þjónustu við íbúa bæjarins meðal annars með aukinni stafrænni þjónustu. Þá munum við áfram standa vörð um góðan rekstur og ábyrgja áhættu- og fjárstýringu með því að efla greiningar á rekstri einstakra málaflokka, þvert á svið og skrifstofur hjá Kópavogsbæ,” segir Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs.



Kópavogsbær auglýsir um þessar mundir þrjár nýjar stjórnendastöður

Helstu verkefni nýrra skrifstofa:

Skrifstofa umbóta og þróunar: Þverlægt verkefni sem snúa að umbótum og þróun innan sveitarfélagsins, stafræn þjónusta, stuðningur við innleiðingu þeirra stefna sem markaðar hafa verið hjá Kópavogsbæ, þróun stjórnendaupplýsinga og mælaborða, menningarmál, markaðs- og samskiptamál og menningarmál.

Skrifstofa þjónustu: Sameinað þjónustuver velferðar- og stjórnarsýsluviðs, síma og netmál, kerfis-, rekstrar- og notendabjónusta og samskipti við ytri birgja varðandi upplýsingatæknimál, mótuneyti, fasteignaumsjón og innkaupamál.

Skrifstofa mannaúts- og kjaramála: Verkefni mannaútsdeilda, launabókhald sem og launavinnsla.

Skrifstofa áhættu- og fjárstýringar: Stefnumótun og greining á áhættu og fjárfestingum, mörkun áhættustefnu og virkrar áhættustýringar í starfsemi og rekstri Kópavogsbæjar, fasteignastefna og stefna vegna eignarhalds í félögum og skipulega greiningarvinnu þvert á svið, ásamt gerð fjárfestingaráætlana.

Auglýst verður á næstu dögum eftir skrifstofustjórum þriggja af fjórum nýrra skrifstofa: Þjónustustjóra, umbóta- og þróunarstjóra og áhættu- og fjárstýringarstjóra. Núverandi mannaútsstjóri verður yfir skrifstofu mannaúts- og kjaramála. Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins verður í kjölfar breytinganna auk bæjarstjóra skipuð bæjarritari, mannaútsstjóra, þjónustustjóra, áhættu- og fjárstýringarstjóra, umbóta og þróunarstjóra, sviðsstjóra velferðarsviðs, sviðsstjóra menntasviðs og sviðsstjóra umhverfissviðs.

Breytingarnar tóku gildi sl. mánaðarmót.

BYD
Stærsta rafbílamerki í heimi

SEALION 7

4x4 Staðalbúnaður, brot af því besta:

- 91,3 kWh rafhlaða
- 1500 kg dráttargeta
- 578 lítra farangursrými
- Drægni: 502-615 km (WLTP)
- 230 kWh hraðhleðsla 10-80% á 24 min



Verð: 8.890.000 kr
Orkusjóður: -900.000 kr

7.990.000 kr

KÓPAVOGS

- P Ó S T U R I N N -

Útgefandi: Kópavogspósturinn ehf.
Netfang: valdimar@kp.is Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson,
Sími: 697 4020. Vefsíða: www.kgp.is Umbrot: Kópavogspósturinn ehf.
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Kópavogspósturinn kemur næst út 20. mars

Síðasti skiladagur er föstudaginn 14. mars.

valdimar@kp.is - Sími 697 4020

Kópavogspósturinn með bæjarbúum í 31 ár - frá 1994

Vefsíða Kópavogspóstisins, www.kgp.is

Kópavogspósturinn er á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA
ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING
TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Andrés Andrésson
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn
Jóhannsson
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is



Frí Tjónaskoðun

★ GÆDAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27. Kópavogi

www.bilasprautun.is

554 2510



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Kópavogspósturinn á www.kgp.is
[Facebook.com/Kopavogsposturinn](https://www.facebook.com/Kopavogsposturinn)

Ekki liggur fyrir hversu mörg börn fædd á árinu 2024 fá úthlutað leikskólaplássi fyrir haustið

Úthlutun leikskólaplássna í Kópavogi fyrir börn sem fædd eru á fyrstu mánuðum ársins 2024 og fyrr hefst um miðjan mars og stendur fram í apríl.

Í fyrri hluta úthlutunar er unnið úr umsókn-um sem berast fyrir 10. mars 2025. Umsóknir sem berast eftir 10. mars fara á bið/frystingu á meðan úthlutun stendur yfir.

Ekki liggur fyrir að svo stöddu hversu mörg börn fædd á árinu 2024 fá úthlutun fyrir haustið. Nánari upplýsingar um úthlutun vegna barna fædd árið 2024 verða veittar þegar nær dregur að seinni hluta úthlutunar.

Leikskóladeild fyrir 80 börn í Barnaskóla Kársness

Barnaskóli Kársness mun hefja starfsemi sína skólaárið 2025-2026. Þar verða leik-



Barnaskóli Kársness mun hefja starfsemi sína skólaárið 2025-2026. Þar verða leikskóladeildir fyrir um 80 börn og er stefnt að því að úthluta nú í vor fyrir næsta skólaár

skóladeildir fyrir um 80 börn og er stefnt að því að úthluta nú í vor fyrir næsta skólaár. Kópavogsbær veur athygli á því að þeir sem hafa hug á að innrita börn sín í þann skóla hafa tök á að setja Barnaskóla Kársness sem fyrsta val í umsókn um

leikskóla eða sækja um flutning úr öðrum leikskólum í þann skóla fyrir 10. mars nk.

Athugið - Börn þurfa hafa lögheimili og vera búsett í Kópavogi til að geta fengið úthlutað leikskólaplássi í Kópavogi.

Framhald af forsiðu Metfjöldi gesta á Bókasafni Kópavogs

Að meðaltali sóttu 672 gestir bókasafnið á degi hverjum

Árið 2024 sóttu 203.468 manns Bókasafn Kópavogs heim, en það gera að meðaltali 672 gesti á dag, þá daga sem safnið var opið á árinu. Með þessum fjölda var sett aðsóknarmet á Bókasafni Kópavogs árið 2024, en bókasafnið samanstendur af aðalsafni í Hamraborg 6a og Lindasafni í Núpalandi 7.

Auk þess var haustmánuður tekið í notkun fyrsta bókaþox Íslands, sem er staðsett í Vallakór. Bókaþoxinu má líkja við pósthönd, þar sem hægt er að panta sér bækur eða önnur lámsgögn á leitir.is og sækja í bókaþoxið. Stöðugur vöxtur er í fjölda útlána í bókaþoxinu og standa þær tölur fyrir utan áðurmeftan heimssóknafjölda.

Margar bókanna lesnar á ströndinni eða upp í bústað

„Útlán á árinu voru samtals tæp 147.000 og sjáum við aukningu þar frá árinu áður. Var júlí sá mánuður sem flest gögn lánuðust, en sl. sumar voru margir spennandi titlar gefnir út og má geta líkum að því að margar bókanna hafi verið lesnar á ströndinni eða upp í bústað. Næst flestar bækur lánuðust í október og nóvember þegar byrjað er að gefa út jólabækurnar. Fyrir jólin var jafnframt lengsti biðlisti eftir einni bók sem við höfðum áður séð,“ segir Lísá.

Safnið er lifandi samkomustaður þar sem fólk sækir sér menningu, fræðslu og afþreyingu

„Hlutverk bókasafna hefur breyst í gegnum árin. Nú til dags má líta á þau sem menningarmiðstöðvar, samkomustaði og staði til að sækja sér almenna afþreyingu og þjónustu. Menningin blómstar í Kópavogi sem aldrei fyrr, en árið 2024 höldum við á Bókasafni Kópavogs samtals 363



Lísá Z. Valdimarsdóttir (t.h.) forstöðumaður tók á móti gestum frá Bókasafni Gulbene í Lettlandi, sem voru hér á landi vegna Nordplus verkefnisins Bókasafnið sem miðstöð óformlegrar menntunar fyrir fulloröna



viðburði og sóttu viðburðina samtals 15.279 manns. Til samanburðar voru haldnir 208 viðburðir árið 2023 sem gerir 43% aukningu á milli ára. Við kunnum öllu okkar góða listafólki, viðburðaskipuleggendum og gestum góðar þakkir fyrir þátttöku þeirra í þessum viðburðum. Frítt er inn á alla menningarviðburði á vegum bókasafnsins sem stuðlar að inngildingu og því að öll geti notið menningar, óháð þjóðfélagsstöðu eða fjárhag,“ segir hún.

Á bókasafninu þrífst samfélag þar sem öll eru velkomin

„Þegar við tökum saman þessar tölur skín í gegn þakklæti til allra okkar frábæru gesta. Hér á bókasafninu þrífst samfélag þar sem öll eru velkomin og er safnið heimili að heiman fyrir mörg okkar. Hér er hægt að hvíla sig frá amstri dagsins með bók eða handavinnu í hönd, við spil á þriðju hæð, með vinahópnum eða með börnunum í einhverju af fjölmörgum notalegum rýmum barnadeildarinnar. Hér er samkomustaður ýmissa hópa og er bókasafnið svo fastur punktur í tilveru margra að uppi verður fótur og fit þegar frídagur ber upp á föstum heimssóknardögum sumra hópanna okkar,“ segir Lísá og bætir við að lokum full þakklæti: „Gífurlegur fjöldi heimssókna er ekki að ástæðulausu, því hér ríkir hlýja og gott andúmsloft, sem er okkar frábæru gestum að þakka. Við starfsfólkið á bókasafninu erum afar þakklát fyrir okkar fallega samfélag sem er í stöðugum vexti. Takk fyrir okkur.“





Nú er framtalið þitt opið á *skattur.is*

Skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til 14. mars

Auðkenning

Unnt er að auðkenna sig með tvenns konar hætti, þ.e. með rafrænum skilríkjum og með veflykli Skattsins.

Skatturinn mælir með að rafræn skilríki séu notuð við auðkenningu.

Upplýsingar á framtali

Áríðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum. Athuga skal sérstaklega hvort einhverjar upplýsingar vanti inn á framtal, s.s. verktakatekjur.

Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

Aðgengilegar leiðbeiningar

Leiðbeiningar er að finna á *skatturinn.is*. Einnig er auðvelt að kalla fram skýringar við einstaka kafla eða reiti í framtalinu sjálfu.

Eftirfarandi
framtalsaðstoð
er í boði:



Símabjónusta í 442-1414

Mán.-fim. 9:00-15:30

Fös. 9:00-14:00



Sendu okkur tölvupóst

Þú getur sent okkur tölvupóst
á pósthfangið framtal@skatturinn.is



Spurðu Ask

Hann getur líka leiðbeint þér
með framtalið



Fyrir þá sem vilja öruggt, vandað og vel staðsett heimili er Álftröð 1 klárlega frábær kostur

- segir Daði Hafþórsson fasteignasali á Eignamiðlun sem sér um sölu á nýjum fallegum íbúðum við Álftröð 1

Álftröð 1 í Kópavogi er spennandi nýbygging í hjarta Digraneshverfisins, þar sem JÁVERK ehf. er að reisa fjölbýlishús með 180 vel skipulögðum íbúðum sem stefnt er að fá Svansvottun. Verkefnið er hannað með áherslu á fjölbreyttar og fallegar íbúðir með umhverfissvænum lausnum, frábærri staðsetningu og þá er mikið lagt upp úr að minnsta kosti eitt bílastæði fylgi hverri íbúð.

Í þar síðustu viku komu 118 íbúðir í sölu og nú þegar er búið að selja á fimmta tug íbúða. Kópavogspósturinn ræddi við Daða Hafþórsson, fasteignasala hjá Eignamiðlun, og Gylfa Gíslason, fram-

kvæmdastjóra JÁVERK, um uppbygginguna, íbúðirnar og það sem gerir þetta verkefni einstakt.

Allt til staðar sem eykur lífsgæði íbúa

Hvað gerir Álftröð 1 að eftirsóknarverðri staðsetningu fyrir íbúðarkaup? „Staðsetningin er einstök, sérstaklega fyrir fjölskyldufólk. Skólar af öllum stigum eru í næsta nágrenni, sem þýðir að börn þurfa ekki að fara yfir umferðargötur á leið í skóla. Að auki er þetta gróð og rólegt hverfi en samt stutt í helstu stofnbrautir og Borgarlínuna í framtíðinni,” segir Daði og bætir við: „Öll þjónusta er í seilingarfjarlægð,

þar á meðal verslanir, menningarstofnanir eins og Gerðarsafn og Salurinn, sundlaugin og falleg útivistarsvæði eins og Fossvogurinn og Kópavogslækur. Það er því allt til staðar sem eykur lífsgæði íbúa.”

Öllum íbúðum fylgir að lágmarki eitt stæði

Nú eru fyrstu 118 íbúðirnar farnar í sölu af 180. Hvaða íbúðir eru í boði í þessum fyrri hluta og hvað einkennir hönnunina? „Við bjóðum fjölbreyttar íbúðir, frá 2ja til 5 herbergja, á bilinu 44 til 195 fermetrar. Hönnunin leggur áherslu á birtuskilyrði, hljóðvist og loftgæði. Á efstu hæð er aukin lofthæð, sem gefur íbúðunum enn meira rými og bætir lífsgæði. Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar með vönduðum innréttingum og tækjum samkvæmt skilalýsingu, en án gólfefna nema í votrymum. Það gefur kaupendum sveigjanleika í lokavalinu,” segir Gylfi og heldur áfram: „Það er stór bílakjallari undir húsinu með 234 bílastæðum og fylgir öllum íbúðum að lágmarki eitt stæði,” segir hann, en einnig verður hægt að kaupa viðbótarbílastæði. Þá er gert ráð fyrir rafhleðslustöðvum og góðum hjólageymslum með tvö hjólastæði á íbúð.

Og fyrir þá sem vilja nýta sér almennings- samgöngur verður Borgarlínan nálægt húsinu, auk þess sem hverfið býður upp á frábærar göngu- og hjólaleiðir.

Svansvottun er gæðastimpill fyrir heilsusamlegt húsnæði

Voru umhverfisþættir hafðir í huga við hönnunina og framkvæmdina? „Já, við hjá JÁVERK ehf höfum lagt ríka áherslu á umhverfissvænar lausnir og stefnt er að því að byggingin við Álftröð verði Svansvottuð. Það þýðir að hún uppfyllir strangar kröfur um byggingarefni, orkunotkun, innloft og endingu. Loftræsi- og varmaskiptakerfi í íbúðunum tryggir heilnæmt loft og dregur úr rykmyndun,” segir Gylfi og Daði bætir við: „Svansvottun er í raun gæðastimpill fyrir heilsusamlegt húsnæði og tryggir að byggingarnar séu bæði vistvænar og vandaðar.”

Á fimmta tug íbúða þegar seldar


Daði segir að byggingarnar skiptast í tvo matshluta og afhending fer fram í áföngum. „Við erum þegar búnir að selja á fimmta tug íbúða og hvetjum við áhugasama til að skoða þær nánar hjá Eignamiðlun eða inná heimasíðu verkefnisins www.digranes.is,” segir hann og bætir við: „Við höldum einnig opin hús og bjóðum fólk að kynna sér þetta glæsilega verkefni betur. Fyrir þá sem vilja öruggt, vandað og vel staðsett heimili er Álftröð 1 klárlega frábær kostur,” segir Daði.

Skólabócardæmi um vel heppnaða þéttingu byggðar

„Í mínum huga er þetta verkefni skólabócardæmi um vel heppnaða þéttingu byggðar og við erum afar stolt af lokaafurðinni. Við skipulagsvinnuna, sem var unnin í góðri samvinnu við skipulagsyrfirvöld í Kópavogi, var lögð mikil áhersla á að nýta sérstöðu staðsetningarinnar og að byggingarnar yrðu í sem mestri sátt við umhverfi sitt. Byggðin er hæst í norð-austur og lægst í suð-vestur sem lágmarkar skuggavarp á aðliggjandi byggð og gerir það að verkum að inngarðurinn er afar sólríkur og skjólsæll, það höfum við sann-



Daði segir að í boði séu fjölbreyttar íbúðir við Álftröð 1, frá 2ja til 5 herbergja, á bilinu 44 til 195 fermetrar og þá var lögð sérstök áhersla á birtuskilyrði, hljóðvist og loftgæði við hönnun íbúðanna



Gylfi segir að áhersla hafi verið lögð á fjölbreyttar íbúðagerðir en með sérstakri áherslu á fjölskyldufólk vegna nálægðar við skólana



reynt á byggingartímanum. Þá lögðum við áherslu á fjölbreyttar íbúðagerðir en með sérstaka áherslu á fjölskyldufólk vegna nálægðar við skólana,” segir Gylfi en allar íbúðir fara í gegnum ljósvistargreiningu til að tryggja hæfilega og góða ljósvist í öllum íbúðum.

Er um afar stolt af þessu verkefni

Og hvernig hefur þetta verkefni gengið?

„Það hefur allveg reynt á þolinmæðina,” segir Gylfi og brosir. „Þegar við fórum af stað að kaupa upp eignir á reitnum voru þar 8 mjög stórar lóðir með 10 íbúðum sem flestar voru í afar slæmu viðhaldi. Við keyptum fyrsta húsið á reitnum í upphafi

ársins 2017, skipulagið var samþykkt í júní 2021, í mars 2022 fékkst heimild til niðurriffs og í maí 2022 var gefið út byggingarleyfi og þá var strax hafist handa. Við reiknum svo með að ljúka verkefninu núna í október 2025. En þetta gleymist nú allt þegar við sjáum hylla undir lokin á verkefninu, sem við erum afar stolt af og við erum sannfærð um að nýjum íbúum muni líða afar vel á þessum stað.”

Þess má geta að áður en verkefnið í Álftröð fór af stað þá voru á svæðinu 10 íbúðir í 8 sérbýlishúsum, á einni og tveimur hæðum sem voru þá við göturnar Álftröð 1-7 og Skólatröð 2-8.



FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann
897 2468



Hálfván
898 5765



Ólöf
898 3075

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



Gljáandi heimili

í Kópavogi frá 2013

Allt að 20% afsláttur af reglubundnum þrifum

Verð frá
19.791 kr.
á mánuði

Heimilisþrif
heimilisthrif.is




Toyota
Kaupúni

ÁGÆTIS SMYRJUN

Nýttu þér sértíloð á smurþjónustu
há Toyota Kaupúni til 21. mars.

20% afsláttur af olíu, síum, rúðupurrkum, perum og fleiru.*

15% afsláttur af vinnu við smurningu.



Engin vandamál – bara lausnir

Toyota Kaupúni Kaupúni 6 Garðabæ 570 5070

*Sértíloð á olíum, olíusíum, loftsíum, frjókornasíum, bensín- og hráolíusíum, þurrkublöðum, þurrkugúmmí, perum, rúðuvökva, frostlegi, Adblue og þjónustu. Afsláttur af vörum gildir eingöngu með þjónustu á staðnum.

Auglýsing um breytt deiliskipulag í Kópavogi. Vatnsendi - Norðursvæði. Breiðahvarf 2. Breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 10. október 2024 að auglýsa í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2 við Breiðahvarf. Í breytingunni felst að skipta lóðinni upp sex lóðir. Lóðin þar sem húsið stendur í dag mun því minnka og vestan við hana er gert ráð fyrir nýrri einbýlishúsalóð með nýtingarhlutfallið 0,23. Til suðurs er gert ráð fyrir fjórum nýjum lóðum fyrir parhús með nýtingarhlutfallið 0,43.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ofangreind tillaga er aðgengileg í skipulagsgátt www.skipulagsgatt.is og á vef Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is.

Ef óskað er eftir nánari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda fyrirspurn á starfsfólk skipulagsdeildar á netfangið skipulag@kopavogur.is.

Kynningartími hefst 27. febrúar 2025. Athugasemdir og ábendingar við framlagða tillögu skulu hafa borist gegnum skipulagsgátt www.skipulagsgatt.is, málsnr. 223/2025, eigi síðar en 11. apríl 2025.

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi.



Kópavogsbær

kopavogur.is

7 verðlaun komu í hlut Blika á MÍ

Meistaramót Íslands fór fram í Laugardalshöll helgina 22.-23. febrúar sl. en mótið er án efa einn af hápunktum innanhússtímabilsins í frjálssípróttum. Til að toppa veisluna var Íslandsmót fatlaðra haldið á sama tíma og var margt af besta frjálssípróttafólki landsins mætt á völinn til að keppa í sínum greinum á báðum mótum og að sjálfsgöðu fjölmenntu Blikar á mótið. Og árangur Blika lét svo sannarlega ekki á sér standa og var mikið um bætingar og persónuleg met.

7 verðlaun komu í hlut Blika á MÍ eða 2 gull, 3 silfur og 2 brons sem skilaði körlunum 3. sæti í stigakeppninni og 3 verðlaun á ÍF eða 2 gull og 1 silfur.

Stigahæsta afrek karla átti Þorleifur Einar Leifsson en hann hljóp frábærlega í 60 m grindahlaupi þar sem hann kom í mark á tímanum 8,08 sek, sem gaf honum 1015 stig.

Þess má geta að þessi tími Þorleifs er annar besti tími sögunnar í 60 m grindahlaupi innanhúss og ansi nálægt Íslandsmetinu í greininni sem er 7,98 sek.



Loftgæðum gæti verið ábótavant í Salaskóla

Framkvæmdir eru hafnar í nokkrum rýmum Salaskóla í kjölfar niðurstaðna sýnatöku um að loftgæðum á þeim svæðum gæti verið ábótavant.



Búið er hreinsa innanstokksmuni og rífa gólfduka af. Í kjölfarið verða rýmin rannsökuð nánar með það að markmiði að finna orsök slakra loftgæða. Raskið sem þessu fylgir hefur mest áhrif á stoðþjónustu en með góðu samstarfi hefur

tekist að samnýta önnur rými og skipuleggja starfið þannig að það geti gengið hnökralaust á meðan á framkvæmdum stendur. Sá tími á vonandi ekki að vera meiri en 6 vikur.

ÚÚ
ÚRVAL ÚTSÝN



KOMDU MEÐ OKKUR Í

HREYFIFERÐ TIL ÍTALÍU

10.000 KR. AFSLÁTTUR
PER BÓKUN KÓÐI: ITALIA25

GÖNGUFERÐ 3. - 10. APRÍL CINQUE TERRE & PORTOFINO

Dásamleg 8 daga ferð um nágrenni Cinque Terre. Bæirnir fimm sem mynda Cinque Terre eru Riomaggiore, Manarola, Corniglia, Vernazza og Monterosso. Dagskráin er fjölbreytt og skemmtileg og upplifun sem þú gleymir seint.

MIKIÐ INNIFALIÐ OG ÍSLENSK FARRASTJÓRN



Margrét Laxness
Fararstjóri



Raket Loga
Fararstjóri



RAFJÓLAFERÐ 6. - 15. JÚNÍ ABANO TERME & NÁGRENNI

Yndisleg 10 daga rafjólafarð um Abano Terme og nágrenni. Menning, hreyfing og að njóta lífsins. Hjólaðu um sveitir Ítalíu og njóttu útsýnisins. Eftir eftirminnilega daga getur þú dekrað við þig í margs konar vellíðunarmæðferðum.

MIKIÐ INNIFALIÐ OG ÍSLENSK FARRASTJÓRN



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

VEL BÚIÐ Í KÓPAVOGI

JÁVERK

JÁVERK og Eignamiðlun kynna einstaklega vandaðar og vel skipulagðar íbúðir í nýju fjölbýlishúsi við Álfröð í Kópavogi.

Leikskóli, skóli og Menntaskólinn í Kópavogi eru í örstuttu göngufæri og við húsið er sólríkur og skjólgóður innigarður með leiktækjum, gróðri og aðstöðu fyrir iðandi mannlíf.

Stefnt er að Svansvottun íbúðanna og sérstök áhersla lögð á loftgæði, birtuskilyrði og hljóðvist.

Stutt er úr þessu gróna og fjölskylduvæna hverfi í stofnbrautir höfuðborgarsvæðisins auk þess sem Borgarlína mun ganga nálægt húsinu.



digranes.is



- Vandað húsnæði á miðju höfuðborgarsvæðinu
- Stefnt er að Svansvottun – meiri loftgæði, heilnæmari byggingarefni, aukin lífsgæði
- Stutt í skóla og leikskóla
- Stutt í verslun og þjónustu
- Stutt í stofnæðar
- Glæsilegar og vel hannaðar íbúðir frá 43 til 195 m²

Heilnæmt húsnæði með loftgæðum, birtu og góðri hljóðvist

Fríðsælt og gróíð hverfi en stutt í samgönguæðar

Bílastæði í kjallara fylgir öllum íbúðum

Fallegur garður með gróðri og leiktækjum

Stutt í skóla og leikskóla

Vel hannaðar íbúðir af fjölbreyttum stærðum



1. hæð
2 herbergi
66,1 m²



2. hæð
4 herbergi
116,4 m²



3. hæð
3 herbergi
82,4 m²



4. hæð
3 herbergi
97,5 m²



Frá þessum fallega stað á Digranesi er stutt í verslun, þjónustu og menningu. Vegna nálægðar við skóla og ýmsa afþreyingu hentar staðsetningin barnafólki einkar vel.

Eins er staðsetningin fullkomin fyrir fólk sem kys vel hannað og heilnæmt húsnæði af hæfilegri stærð, með bílastæðum í kjallara og góðri tengingu við stofnbrautir til að geta notið menningar og sinnt áhugamálum og útvist í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

Komdu og skoðuðu glæsilegar sýningaríbúðir sem gefa góða mynd af þessu heillandi húsi. Íbúðirnar í þessu 180 íbúða húsi eru frá ríflega 43 m² upp í tæplega 196 m² og allt þar á milli.



Daði Hafþórsson
Löggiltur fasteignasali
824 9096
dadi@eignamidlun.is



Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali
899 1882
thorarinn@eignamidlun.is



Hilmar Þór Hafsteinnsson
Löggiltur leigumíðlari,
löggiltur fasteignasali
824 9098
hilmar@eignamidlun.is



Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali
824 9093
kjartan@eignamidlun.is

BÓKIÐ SKOÐUN

Sjá nánari upplýsingar og verð á digranes.is

JÁVERK

Gagnheiði 28
IS-800 Selfoss

Hamraborg 12
IS-200 Kópavogur

javerk@javerk.is
javerk.is

Sími 480 1700

EIGNAMIÐLUN

Grensásvegur 11 • eignamidlun.is • sími 588 9090

eignaumsjon.is



2021-2024 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri Væðingaráætlun 2024

Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 25 ára þekkingu og reynslu í þjónustu við húsfélög og rekstrarfélög fasteigna.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega; í síma 585-4800 eða á netspjallinu. Einnig er hægt að senda póst á thjonusta@eignaumsjon.is.



Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!



• EIGNAumsjón

lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800

Vefsíða Kópavogspóstisins

www.kgp.is

Vertu vinur okkar á:

[Facebook.com/Kopavogsposturinn](https://www.facebook.com/Kopavogsposturinn)

[Twitter.com/Kopavogspostur](https://twitter.com/Kopavogspostur)

[Instagram.com/Kopavogsposturinn](https://www.instagram.com/Kopavogsposturinn)

Bústoð fagnar 50 ára afmæli

Húsgagnaverslunin Bústoð sem staðsett er að Miðhrauni 24 í Garðabæ, fagnar 50 ára afmæli núna í mars.

Frá Keflavík til Garðabæjar

Bústoð opnaði fyrst í Keflavík þann 14. mars 1975 og hefur síðan þá vaxið og dafnað. Fyrir rúmlega tveimur árum tóku Björgvin Árnason og Birgitta Ósk Helgadóttir við rekstrinum og gerðu frábærar breytingar – meðal annars með því að opna glænýja verslun að Miðhrauni 24 í Garðabæ síðastliðið haust. Viðtökurnar hafa verið fram úr þeirra björtustu vöum.

Falleg húsgögn og gjafavara

Verslunin hefur allt frá upphafi haft það að markmiði að bjóða upp á gæðavörur á góðu verði, meðal annars frá Calia Italia, Furnhouse og Skovby. Auk þess nýtur gjafavörudeild Bústoðar töluverðra vinsælda, með vörum frá littala, Bitz og fleira.

Bústoð var stofnað og hefur alla tíð verið í eigu Róberts Svavarssonar, Hafðísar Gunnlaugsdóttur og fjölskyldu. Fyrir rúmlega tveimur árum urðu eigendaskipti að fyrirtækinu þegar Björgvin Árnason, sem hafði rekið verslunina undanfarinn áratug þar á undan, tók við rekstrinum. Hann ásamt Birgitta Ósk Helgadóttir meðeiganda sínum og verslunarstjóra í Garðabæ reka fyrirtækið í dag og hafa gert ýmsar breytingar, bæði á vöruúrvali og heimasíðu, en passað um leið að halda í gömlu gildin sem einkenna Bústoð. Stærsta breytingin var þó þegar þau opnuðu annað útibú síðastliðið haust að Miðhrauni 24 í Garðabæ. Viðtökurnar hafa verið alveg meiriháttar að þeirra sögn og alveg ljóst að ákvörðunin um að opna í Garðabænum var hárrétt.



Takk fyrir að vera hluti af sögu okkar – og framtíð!

„Markmiðið með opnun á nýrri verslun í Garðabænum var að bæta þjónustu við viðskiptavinum á höfuðborgarsvæðinu, en þar eigum við marga trausta viðskiptavini, þar þar á meðal í Kópavogi og því fundum við fyrir mikilli eftirspurn um að fá verslunina hingað. Það hefur reynst góð ákvörðun og verslunin gengið vel,“ segir Björgvin og Birgitta tekur undir: „Við erum gríðarlega

þakklát fyrir hversu vel okkur hefur verið tekið, bæði hér í Garðabænum og alla tíð í rauninni. Við viljum því nýta þetta tækifæri og þakka fyrir okkur.“

Afmælistilboð allan mars

Í tilefni af þessum stóra áfanga verður Bústoð með sérstök afmælistilboð í báðum verslunum út mars. Það er því um að gera að líta við og gera góð kaup.



Markmiðið með opnun Bústoðar í Garðabænum var að bæta þjónustu við viðskiptavinum á höfuðborgarsvæðinu þar sem margir traustir viðskiptavinir eru og þar á meðal í Kópavogsbúar

Þarftu aðstoð heima?

sinnum
heimaþjónusta

Fyrst kynnumst við þér og þínum þörfum, síðan hönnum við sveigjanlega þjónustuáætlun fyrir þig svo þú fáir heimaþjónustuna sem þú þarft á að halda.

Einstök þjónusta eftir þínum þörfum

- ✓ Heimilisaðstoð
- ✓ Umönnun
- ✓ Félagsskapur
- ✓ Útréttingar
- ✓ Þrif
- ✓ Matarinnkaup
- ✓ Undirbúningur máltíða
- ✓ Aðhlyning
- ✓ Liðveisla
- ✓ Lyfjaáminning
- ✓ Félagsleg virkjun

Sinnum heimaþjónusta

- ✓ Einstök umönnun fyrir aldraða
- ✓ Persónuleg og sveigjanleg þjónusta
- ✓ Við mætum þörfum og óskum notenda og aðstandenda

sinnum.is sinnum@sinnum.is 519 1400



Naustavör 60-66

BÚUM
BETUR



www.bygg.is

Bryggjuhverfinu í Kópavogi



NÝTT Í SÖLU



Framúrskarandi
fyrirtæki 2019-2023

Glæsilegar íbúðir í 3-4 hæða fjölbýlishúsi við Naustavör 60-66.

Íbúðirnar eru 80,3-199,2 fm, 2-4 herbergja.

Íbúðirnar eru með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.

Tvennar svalir fylgja flestum íbúðum. Stæði í bílskýli fylgja öllum íbúðum. Útsýni til sjávar er úr flestum íbúðum. Gólfhiti er í öllum íbúðum.



Skóðið
teikningar
á bygg.is

REYNSLA
FAGMENNSKA
METNAÐUR



FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf
Óðinsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALAN
TORG
KRAFTUR - TRAUÐ - ÁRANGUR
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
Sími 520 9586



FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
Borgartúni 31

Byggingafélag Gylfa og Gunnars byggir á 40 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.

15 hugrakkir og duglegir nemendur í Vatnsendaskóla tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni



Flottar stelpur í Vatnsendaskóla! F.v. Rakel Fjóra, Emma Guðrún og Viktoría Von

Stóra upplestrarkeppnin er árleg keppni fyrir nemendur í 7. árgangi sem miðar að því að efla færni þeirra í upplestri og framsögn. Keppnin hefst formlega á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember, og lýkur með lokahátíð í Salnum, þar sem allir skólar í Kópavogi taka þátt.

Undankeppni Vatnsendaskóla var haldin sl. mánudag og tóku 15 hugrakkir og duglegir nemendur þátt.

Nemendur stóðu sig einstaklega vel og átti dómnefnd erfitt val fyrir höndum, en þrjú nemendur hlutu sérstaka viðurkenningu fyrir framúrskarandi upplestur og framsögn og munu keppa fyrir hönd skólans í lokakeppni Kópavogsbæjar. Sigurvegarar í Stóru upplestrarkeppninni árið 2025 í Vatnsendaskóla eru Emma Guðrún, Rakel Fjóra og Viktoría Von.

Þær munu því keppa á lokahátíðinni í Salnum þann 26. mars.

Nemendur fengu tækifæri til að kynnst ólíkum störfum og námi

Starfamessa Álfhólsskóla 2025 var haldin með pompí og prakt í febrúar fyrir nemendur í 9. og 10. bekk.

Viðburðurinn, sem var í umsjón náms- og starfsráðgjafa skólans, var frábær í alla staði og gekk mjög vel fyrir sig! Viðburðurinn eflir enn frekar og styður við gott samstarf milli skólans og heimila, ásamt því að veita nemendum innsýn inn í ólík störf og menntunarmöguleika, sem nýtist þeim vonandi mjög vel í þeirra eigin vegferð og framtíð.

Þátttaka var gríðarlega góð! Glæsilegur hópur 16 þátttakenda, ásamt flottum fulltrúum frá Menntaskólanum í Kópavogi og Tækniskólanum tóku vel á móti nemendum og kynntu fyrir þeim störf sín og menntun.

Nemendur gengu á milli borða og tóku mjög virkan þátt, voru fróðleiksús, áhugasöm og nýttu þetta frábæra tækifæri mjög vel!

Þarna var kominn saman mjög fjölbreyttur hópur starfsheita. Nemendur fengu tækifæri til að kynnst mjög ólíkum störfum og námi en auk fulltrúa framhaldsskólanna komu í skólann kvensjúkdómalæknir, sérfræðingur á Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, málari, dýralæknir og heilbrigðisverkfræðingur hjá Star Odda, lögfræðingur Íslandsdeildar Amnesty International, lögreglumaður, verkfræðingur, þjálfari mfl. karla í fótbolta, rithöfundur, sjóðsstjóri, upplýsingafulltrúi, verkfarnastjóri í vörubróun, slökkviliðsmaður, rafvirki og húsasmíðameistari.



Fiskur Á FÖSTU

Á MIÐVIKUDÖGUM Í HJALLAKIRKJU KL. 12
FISKMÁLTÍÐ OG GÓÐUR GESTUR

12. MARS

SR. SKÚLI S. ÓLAFSSON, NESKIRKJA

19. MARS

SR. SVEINN VALGEIRSSON, DÓMKIRKJAN

26. MARS

MARGRÉT MARÍA SIGURÐARDÓTTIR, LÖGREGLUSTJÓRI Á AUSTURLANDI

2. APRÍL

SR. BRAGI INGIBERGSSON, VÍDISTAÐAKIRKJA

9. APRÍL

SR. JÓNÍNA ÓLAFSDÓTTIR, HAFNARFJARÐARKIRKJA

SR. ÞURÍÐUR W. ÁRNADÓTTIR, HAFNARFJARÐARKIRKJA

16. APRÍL

EINAR ÖRN JÓNSSON, ÍPRÓTTAFRÉTTAMAÐUR Á RÚV



DIGRANESKIRKJA
HJALLAKIRKJA

BÚSTOÐ

— síðan 1975 —

VIÐ EIGUM
50 ÁR
AFMÆLI

Af því tilefni bjóðum við
20-50% afslátt af völdum
húsgögnum og gjafavöru

☎ 559-9002

📍 Miðhraun 24, Garðabær

🌐 bustod.is

☎ 421-3377

📍 Tjarnargata 2, Reykjanesbær

✉ bustod@bustod.is

Það er dýrmætt að eiga góðar myndir af stóru áföngunum í lífinu sem endist út ævina og lengur

- segir atvinnuljósmyndarinn Sirrý Klemenzdóttir sem rekur ljósmyndastofuna, Þetta studió, en nú styttest óðum í fermingar

Fermingar eru framundan og sjálfsagt flestir foreldrar fermingarbarna komnir langt í undirbúningi fyrir ferminguna enda þarf að mörgu að huga. Um langt árabíl hafa myndir af fermingarbarninu verið mikilvægur þáttur til að fanga augnablikið og varðveita dýrmætar minningar um þennan merka áfanga í lífi fermingarbarnsins og fjölskyldunnar.

Kópavogspósturinn heyrði því í Sirrý Klemenzdóttur atvinnuljósmyndara, en hún rekur ljósmyndastúdíóið, Þetta studió, í Mosabaráði í Hafnarfirði. Hún ætli að vera mörgum Kópavogsbúum að góðu kunn enda Kópavogsbúar reglulegir viðskiptavinir hennar og hefur hún m.a. tekið fjölmargar myndir af fermingarbörnum úr Kópavogi í gegnum árin.

Fólk og dýr í uppáhaldi

Sirrý lærði ljósmyndun við tækniskólann (lönskólann) og var í starfsnámi hjá Rut ljósmyndara (Ljósmyndir Rutar). „Árið 2004 tók ég síðan sveinsprófið og fluttist til Englands sama ár þar sem ég bjó í tvö ár. Í Englandi starfaði ég sem ljósmyndari á portraitstofu og öðlaðist þar mikla reynslu og þróaði minn eigin stíl. Stofan hét Olan Mills og það var alltaf nóg að gera og mikið fjör,” segir Sirrý og bætir við: „Frá því ég uppgötvaði áhugann minn fyrir ljósmyndun þá hefur mér alltaf fundist langskemmtilegast að taka myndir af fólki og dýrum og ég hef fengið fullt af yndislegu fólki og dýrum til mín í myndatökum frá því ég opnaði stofuna mína árið 2008,” segir hún brosandi.

Nú eru fermingar framundan. Er enn vinsælt að mæta og láta mynda fermingarbarnið á ljósmyndastofu eða er frekar óskað eftir því að þú mætir í ferminguna og myndir? „Já, ég myndi segja að það sé ennþá vinsælt að fara í fermingarmyndatöku. Þetta er mikilvægur partur af fermingunni. Ég hef líka oft myndað fermingarbörn úti, en flest koma þau í stúdíóið til mín. Það er eitthvað svo sértakt við stúdíómyndir. Ég hef líka mætt í veislurnar en aldrei í athöfnina sjálfa. Það er aftur á móti algengt að mynda brúðarathafnir.”

En hvernig fer myndatakan fram ef fermingarbarnið mætir í stúdíóið til þín í Mosabaráði? Má brjóta fermingarmyndirnar eitthvað upp með því að hafa systkina eða fjölskyldu með á myndinni og jafnvel gæludýrið, sem þér leiðist nú kannski ekki að mynda? „Það er orðið miklu algengara að börnin séu að koma til mín 2-4 vikum fyrir fermingardaginn og fá myndir afhentar fyrir ferminguna. Þá er hægt að hafa þær til sýnis í veislunni, jafnvel hafa gestabókina í alúminu, allt á einum stað. Enda er oft nóg að gera fyrir fjölskyldurnar á daginn sjálfan, gott að vera bara búin að þessu og sleppa því að vera tæpur á tíma af því veislan er að byrja. Hvort sem um fermingu í kirkju eða borgaralega fermingu er að ræða þá er tilheyrandi að koma í myndatöku,” segir Sirrý og heldur áfram: „Ég mæli alltaf með því að hafa myndatökuna sem fjölbreyttasta. Koma með fót til skiptanna. Kannski uppáhaldsgallabuxurnar og peysuna. Áhugamálið sitt, til dæmis gítarinn eða þverflautuna, skautana, balletfötin eða fótboltafötin og fleira. Svo eru oft teknar nokkrar fjölskyldu- og systkinamyndir. Sum börn koma með bestu vinum sínum. Ég myndaði einu sinni vinkvennahóp í tilefni fermingarársins þeirra, það var skemmtilegt. Svo koma börnin oft með allskonar skemmti-



legar hugmyndir sem við framkvæmum í sameiningu, aðalatriðið er að þeim líði vel og upplifi þetta sem eitthvað skemmtilegt og minningin um myndatökuna verði ljúf. Og að sjálfsögðu eru öll gæludýr velkomin til mín enda stór partur af fjölskyldunni. Ég hef fengið til mín hamstra, kanínur, páfagauka, hunda, ketti og fleira. Hef mætt upp í hesthús og myndað unga dömu með sínum besta vin, hestinum sínum. Ég á sjálf tvo hunda og hef tekið myndir fyrir dagatöl Dýrahjálpar Íslands í meira en áratug og hef því mikla reynslu og endalaust gaman af,” segir hún.

Að ná því besta út úr viðfangsefninu

Það eru náttúrulega allir komnir með myndavél í símana sína, en er ekki betra að láta atvinnuljósmyndara taka myndir af fermingarbarninu hvort sem það er í stúdíó eða í fermingarveislunni sjálfri? „Þetta er eiginlega ekki sambærilegt finnst mér. Því góð mynd snýst ekki bara um að geta tekið fallega lýsta og uppstillta mynd heldur ná því besta úr viðfangsefninu sem í mínu tilfalli eru alltaf fólk og dýr. Það hefur mér þótt skemmtilegast við ljósmyndun, hef lítið verið í landslagi til dæmis. Stúdíólýsing er líka afgerandi öðruvísi en

ekki ánægð með mínar fermingarmyndir, eins og svo margir. Og faldi þær í einhver ár eftir ferminguna. Vesalings mamma hélt hún hefði týnt þeim, þetta var frekar kvikyndislegt af mér. Ætli ég hafi ekki verið um 16 ára þegar ég loksins sagði mömmu frá þessu, en þetta var fyndið eftir á,” segir hún og brosir. „Mér þykir vænt um myndirnar í dag. Þótt ég hafi klippt á mér hárið stuttu fyrir fermingu, sem mér fannst algjör skandall, en tiskan var afgerandi þá en hún hefur ekki eldst vel. En það er líka ákveðin feegurð í því. Mér finnst aftur á móti myndir frá mér eldast vel. Tiskan er sjaldan afgerandi, ferli klassísk og bragurinn orðinn mun afslappaðri yfir myndatökum í dag. Þetta er svo ótrúlega skemmtilegur aldur og það er svo gaman hjá okkur í stúdíóinu að börnin vilja oft ekki hætta. Ég er að eignast framtíðarviðskiptavinir því oft eru þetta krakkar sem koma svo aftur til mín í útskriftarmyndatökum, jafnvel brúðarmyndatökum og svo fara þessi börn að eignast fjölskyldur og ég fæ að mynda börnin þeirra! Það er ómetanlegt að fá að fylgja fólki svona í gegnum árin. Það er skrýtin upplifun að fylgjast með þessum börnum verða fullorðin og sjá lífið breytast. Svo bara eldist ég ekki neitt, skil ekkert í þessu,” segir hún hlægjandi.

En hvað kostar svo að mæta til þín á ljósmyndastofuna og láta taka myndir af fermingarbarninu og jafnvel einhverjum fleiri úr fjölskyldunni? „Það er nú alveg frá 36.900 kr. og upp úr. Ég bið upp á 8-24 myndir í alúmi og/eða aðsendar á rafrænu formi í netupplausn. En allar útprentanir fara fram í gegnum mig. Ég vil fylgja mínum myndum alveg í lokafrágang. En ég vel þó ekki ramma utan um þær



Sirrý Klemenzdóttir

myndir sem fara upp á vegg. Svo er hægt að fá auka alúmi að sjálfsögðu, ef til dæmis ömmur og afar vilja eiga tókuna líka. Annars eru stækkanir úr alúminu algeng jólagjöf og fátt fallelgra en mynd í ramma af sínu uppáhaldsfólki. Hvort sem það er fermingarbarnið, fjölskyldumynd, útskriftarmynd eða jafnvel bara mynd af hundinum sínum,” segir Sirrý sem er á fullu að bóka þessa dagana en hún tekur við pöntunum í síma 6945417 eða í gegnum tölvupóst: sirry@thetastudio.is

Það er líka hægt að finna hana á instgram og facebook og senda skilaboð þar. Þetta Stúdíó - Sirrý ljósmyndari á facebook og thetastudio á instgram.

Eitt það skemmtilegasta sem ég geri er að mynda fermingarbörn

„Ég hlakka til þessa fermingatímabils. Þetta er uppáhaldstímabil ársins enda eitt það skemmtilegasta sem ég geri, að mynda fermingarbörn. Sjáumst í stúdíóinu,” segir hún að lokum.

Gleðjumst með fermingarbörnunum. Opið alla fermingardagana



Verið velkomin Tímabantanir í síma 565 6620

Madonna

HÁRGREIÐSLUSTOFAN
GARÐAFLÖT 16-18 S: 565 6620

Opið alla virka daga frá 9-18



Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi



Gríptu tækifærið!

Bragðaðu á nýjum, tímabundnum
réttum á veitingastað IKEA

1.595,-

Kjúklingalæri með legg
með maísstöngli, frönskum
og brúnni sósu



1.195,-

Hakkabuff
með kartöflumús, grænum
baunum, svissuðum lauk
og brúnni sósu

Veitingastaðurinn er opinn 11-19:30 alla daga
Skoðaðu aðra afgreiðslutíma á [IKEA.is](https://www.ikea.is)

